

Frumkvöðlasetur

Fyrirhugað er að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ), stofna Nýsköpunargarða og færa sum verkefni á aðra staði. Rekstur frumkvöðlasetra er eitt þeirra verkefna sem er fyrirhugað að leggja niður.

NMÍ rekur í dag sex frumkvöðlasetur og er í samstarfi um önnur setur. Þjónustan felst m.a. í leigu á skrifstofu- og/eða rannsóknaraðstöðu gegn vægu gjaldi og aðgangi að fundaraðstöðu. Auk þessa er aðstaða fyrir verkstæði, rannsóknir og frumgerðasmíði. Að ríki eða sveitarfélög veiti þessa þjónustu, til viðbótar við þá aðstöðu sem einkamarkaðurinn býður uppá eflir frumkvöðlastarf. Rétt er þó að benda á það að sveitarfélög á landinu eru misjafnlega sett til þess að styðja við og reka frumkvöðlasetur í sínum sveitarfélögum, mörg þeirra hafa einfaldlega ekki burði til að standa að slíkum rekstri og þá sérstaklega minni sveitarfélög.

Helsti styrkleiki setranna er ekki skrifstofuhúsnæðið sjálft heldur fagleg leiðsögn og stuðningur frá sérfræðingum NMÍ í skapandi umhverfi með áherslu á öflugt tengslanet. Í gegnum tengslanetið er beinn aðgangur að starfsmönnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands s.s. efnafræðingum, verkfræðingum og öðru fagfólki varðandi tæknilegar úrlausnir og einnig sérfræðingum í viðskiptapróun, markaðsráðgjöf og fjármögnun. Þarna liggja mestu verðmætin fyrir frumkvöðlana, fyrir utan það tengslanet sem þeir mynda sjálfir á setrunum. Ef þessi þjónusta verður lögð niður munu mikil verðmæti tapast fyrir íslenskt samfélag.

Frumkvöðlasetur NMÍ hafa verið drifkraftur í atvinnusköpun og frá upphafi hafa alls 410 fyrirtæki verið á setrunum. Í byrjun árs 2020 voru 80 frumkvöðlafyrirtæki með aðstöðu á frumkvöðlasetrum NMÍ. Setrin hafa ekki eingöngu verið mikilvæg fyrir frumkvöðla heldur einnig þá sem misst hafa vinnu og þurft að aðlagast breyttu umhverfi, skapa störf og tengjast atvinnulífinu á nýjan hátt eða koma sér aftur á vinnumarkaðinn.

Í greiningu á fyrirtækjum á frumkvöðlasetrum NMÍ á árunum 2007 til 2017 kom í ljós að frumkvöðlar dvöldu að meðaltali 16 mánuði á frumkvöðlasetrum og var kynjahlutfall þeirra sem þar störfuðu jafnt. Velta 30 stærstu fyrirtækjanna var 8 milljarðar á ári, fengnir styrkir 1,8 milljarður og fjármagn frá fjárfestum 7 milljarðar á þessum árum. Frumkvöðlasetur NMÍ eru því mikilvægur hlekkur í atvinnuuppbyggingu. Þau hafa verið ódýr lausn fyrir samfélagið og frumkvöðla á fyrstu stigum nýsköpunar. Það er því okkar álit að það sé slæm hugmynd að hætta rekstri þeirra.

Stafrænar smiðjur

Í frumvarpinu er sagt að markmiðið sé að efla umgjörð stafrænna smiðja (Fab labb) í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti (MMR). Stafrænu smiðjurnar hafa nýst vel í kennslu en hafa líka verið aðgengilegar hugvitsfólki, grúskurum, frumkvöðlum og almenningi öllum. Farsæl smiðja er með mjög fjölbreytta starfsemi en með því að færa umgjörðina undir MMR er hætt við því að starfsemi smiðjanna verði að einhverskonar námsveri og fjölbreytni og sérhæfni smiðjanna m.t.t. þarfa nærsamfélagsins glattist.

Uppbygging stafrænna smiðja hérlendis hefur notið mikils stuðnings frá NMÍ sem hefur sinnt samræmingarhlutverki um ýmiskonar samstarfsverkefni innanlands, ræktað víðtækt tengslanet bæði innanlands og erlendis og stutt við stofnun allra smiðja sem hlotið hafa brautargengi í sínu nærsamfélagi. Með því að leggja niður NMÍ er óljóst hvaða miðlægi aðili hafi það hlutverk að styðja við uppbyggingar starf á þessum vettvangi um allt land.